

## RE: Víðistaðartún - ósk um umsögn

**Til** : Helga Stefánsdóttir  
**Frá** : thrainn@landslag.is  
**Heiti** : RE: Víðistaðartún - ósk um umsögn  
**Málsnúmer** : 1405390  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 17.05.2017 15:18:32  
**Höfundur** : thrainn@landslag.is

**Viðhengi** [image005.png](#)  
[image004.png](#)  
[image003.jpg](#)  
[image002.jpg](#)  
[image001.png](#)

### Hundagerðið:

Mér líst ekki alveg á skálina nyrst á túninu. Setti inn 450 m<sup>2</sup> hundagerði (15x30) 2 staði við skólagarðana, annars vegar inní gróðursvæðinu sem var trjágeymslusvæði, en veit ekki hverngi það fungerar í dag.

Held það sé samt í algjörrri órækt og gerði lítið til að höggva innan úr því.

Hins vega milli stígs og hrauns. Mér finnst það síðri kostur því þar er tilvalið að eiga frísvæði til leikja meðfram hraunjöðrunum. Þetta svæði er í mjög góðu skjóli og snýr vel við sól.

Þarna var einu sinni mátaður inn brettagarður við lítinn fögnuð nágranna. Það er spurning hvort setja þurfi hundagerðið fram sem deiliskipulagsbreytingu?

Leiksvæðið. Teiknaði 100 m<sup>2</sup> svæði sunnan við grillskýlið í ca 3 m fjarlægð frá aðliggjandi stígum.

Heyrumst betur um þetta.

Kveðja

Þráinn



---

**From:** Helga Stefánsdóttir [mailto:Helgas@hafnarfjordur.is]

**Sent:** 17. maí 2017 14:41

**To:** Þráinn Hauksson

**Subject:** RE: Víðistaðartún - ósk um umsögn

...ertu að taka um staðsetninguna á því - við eigum það ekki til en getum reddað því eftir smá...  
Ráðið er á 9holuvelli en vill endurskoða holur 2 og 4.

Með hundagerði þá var aðeins rætt um staði - við skólagarðinn eða nyrst á túninu - í skálinni.

Kv.HS

**Helga Stefánsdóttir**, verkfræðingur  
forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar  
Norðurhelli 2 I 221 Hafnarfjörður  
sími: 585-5500 I fax 585-5639

---

**From:** Þráinn Hauksson [<mailto:thrainn@landslag.is>]

**Sent:** 17. maí 2017 13:31

**To:** Helga Stefánsdóttir <[Helgas@hafnarfjordur.is](mailto:Helgas@hafnarfjordur.is)>

**Subject:** RE: Víðistaðartún - ósk um umsögn

Sæl

Ég skoða þetta. Get ég fengið dwg af grillskýlinu?

Ég kíkti á þau hundagerði sem ég man eftir á höfuðborgarsvæðinu. Það sem er við BSÍ er ca 650 m<sup>2</sup> (18x32m) og í Ullarnesbrekkum í Mosó er það 1500 m<sup>2</sup> (30x50m). Teiknaði þannig fleti með hvítum línunum inn á Víðistaðartún. Ég er ekki viss um að það sé pláss fyrir þannig lagað á svæðinu? Fer betur yfir það.

Hvernig er annars stemmingin gagnvart frísbíggölfinu?

Kv

ÞH



---

**From:** Helga Stefánsdóttir [<mailto:Helgas@hafnarfjordur.is>]

**Sent:** 17. maí 2017 12:48

**To:** Práinn Hauksson <[thrainn@landslag.is](mailto:thrainn@landslag.is)>

**Subject:** RE: Víðistaðartún - ósk um umsögn

Sæll - tvennt sem rætt vær í morgun...

- Hundagerði - óskað er eftir tillögu þinni að stað fyrir það á túninu
- Leiksvæðið við Grillið - óskað er eftir tillögu þinni að staðsetningu

KV.HS

**Helga Stefánsdóttir**, verkfræðingur  
forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar  
Norðurhelli 2 I 221 Hafnarfjörður  
sími: 585-5500 I fax 585-5639

---

**From:** Þráinn Hauksson [<mailto:thrainn@landslag.is>]  
**Sent:** 15. maí 2017 16:23  
**To:** Helga Stefánsdóttir <[Helgas@hafnarfjordur.is](mailto:Helgas@hafnarfjordur.is)>  
**Subject:** RE: Víðistaðartún - ósk um umsögn

Sæl Helga,  
Ég þakka traustið.  
Læt fylgja lítið skjal með smáhugleiðingum.

Varðandi frísbígolfið þá er ég ekkert mjög jákvæður gagnvart því sporti. Finnst vera ákveðin árekstrahætta við aðra notendur garðsins sem og hætta á slitflötum og skemmdum á trjá- og runnagróðri. Eins finnst mér leiðinlegt að sjá t.d. körfuna með gula hringnum sem truflar áýnd að kirkjunni og listaverki.

Leiksvæðið finnst mér að ykkar fólk sé fullfært til að velja tæki á og útfæra. Ég setti þau 3 tæki inn sem mér líst best á. Svo er það meira spurning hve stór flötur er lagður undir tækin, hvernig hann formast og hvert undirlagið verður.

Vona að þessir punktar og skjalið komi að gagni.

Kíkti þarna við á laugardagsmorgun og gaman að sjá grillaðstöðuna strax tekna í notkun og líf á svæðinu.

Með kveðju,  
Þráinn



Þráinn Hauksson • landslagsarkitekt FÍLA  
[thrainn@landslag.is](mailto:thrainn@landslag.is) • 535 5303 • 820 5303  
Skólavörðustíg 11 • 101 Reykjavík • 535 5300 • [www.landslag.is](http://www.landslag.is)

---

**From:** Helga Stefánsdóttir [<mailto:Helgas@hafnarfjordur.is>]  
**Sent:** 8. maí 2017 15:51  
**To:** Þráinn Hauksson <[thrainn@landslag.is](mailto:thrainn@landslag.is)>  
**Subject:** Víðistaðartún - ósk um umsögn

Sæll - tvö erindi voru fyrir ráðinu núna síðast og var vísað til umsagnar hjá þér:

## 2. 1701478 - Frisbíggólfklúbbur Hafnarfjarðar, Víðistaðatún

Tekið fyrir að nýju erindi formans Frisbíggólfklúbbs Hafnarfjarðar dags. 24. janúar sl um stækkun og endurskoðun vallarins á Víðistaðartúni.

Erindinu var vísað til sviðsins frá Íþróttá- og tómstundarnefnd 1. febrúar s.l.

Umhverfis- og framkvæmdaráð óskar eftir umsögn deiliskipulagshönnuðs.

## 3. 1405390 - Víðistaðatún, framtíðarnotkun

Framhald umræðu um framkvæmdir á Víðistaðartúni 2017.

Ingibjörg Sigurðardóttir garðyrkjustjóri mætir á fundinn og kynnti hugmyndir um leiktæki.

Umhverfis- og framkvæmdaráð óskar eftir umsögn deiliskipulagshönnuðs.

Sendi hér með gögnin sem lögð voru fyrir.

- Málið snýst um stækkun á vellinum - er 6 holur í dag - og færsla vegna stærðar á tjaldsvæðinu á sumrin. Spurning hvað þér finnst um þessa uppröðun og að sé settur upp keppnisvöllur núna...vitum að þá eykst notkunin og slitið....
- Uppsetning á leiktæki við grillhúsið sem ráðið vill að þjóni tilgangi af þreying fyrir yngstu kynslóðina í tengslum við grillferð ( það lítil börn að þau fari sekki sjálf á neðra svæðið) Vorum búin að velja nokkra möguleika sem eru hér í skjalinu - sem sagt spurning um val á tæki/um og staðsetningu svo...

Hefur þú tók á að senda okkur umsögn fyrir föstudag/mánudag J

KV.HS



**Helga Stefánsdóttir**, verkfræðingur  
forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar

Norðurhelli 2 I 221 Hafnarfjörður  
sími: 585-5500 I fax 585-5639

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)